

Kötluvikur ehf.
Bakkabraut 14
870 Vík

2001100020
8508; 9310

Reykjavík, 14. janúar 2002

Efni: Vikurnám á Mýrdalssandi, Mýrdalshreppi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Kötluvikurs ehf. að matsáætlun um vikurnám á Mýrdalssandi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Hönnunar hf. dags. 14. desember 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Kötluvikur ehf. Vikurnám á Mýrdalssandi, Mýrdalshreppi. Hönnun hf, desember 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi, Byggðastofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og óbyggðanefnd. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Mýrdalshreppi með bréfi dags. 7. janúar 2002, Skaftárhreppi með bréfi dags. 2. janúar 2002, Byggðastofnun með bréfi dags. 7. janúar 2002, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. janúar 2002, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 20. desember 2001, Landgræðslu ríkisins með bréfi 19. desember 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. desember 2001 og óbyggðanefnd með bréfi dags. 4. janúar 2002. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 7. janúar og 9. janúar 2002.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 7. janúar og 9. janúar 2002 og með eftirfarandi athugasemdum.

Leyfi. Bent er á að skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er efnisnám háð leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar. Í matsskýrslu þarf að birta drög að starfsleyfi fyrir viðkomandi framkvæmd eða a.m.k. þurfa allar sértækar kröfur veitanda starfsleyfis, ef einhverjar eru, að liggja fyrir.

Námusvæði. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins var bent á að með hliðsjón af reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs væri eðlilegt að í matsskýrslu yrði gerð nákvæm grein fyrir vinnslu á námusvæðunum í samræmi við fyrnefnda reglugerð. Framkvæmdaraðili hefur í svörum sínum bent á að samkvæmt reglugerðinni beri að skilgreina vinnsluteiga og að hver vinnsluteigur skuli að hámarki samsvara eins árs áætlaðri vinnslu leyfishafa. Framkvæmdaraðili bendir á að hvorki sé raunhæft að fjalla um fjölda vinnsluteiga eða nákvæma staðsetningu og vinnsluröð þeirra enda yrði það endurskoðað árlega. Í matsskýrslu verði greint frá hvar sé fyrirhugað að byrja vinnslu án frekari skilgreiningar á vinnsluteigum. Skipulagsstofnun telur að æskilegt væri að skipta fyrsta hluta vinnslusvæðis í vinnsluteiga og að sú skipting kæmi fram í matsskýrslu. A.m.k. er nauðsynlegt að í matsskýrslu verði greint frá hvar fyrirhugað sé að hefja vinnslu, hvort fyrirhugað sé að vinna efni frá fleiri en einum stað samtímis og/eða hvort unnið verði í samfellu frá upphafsstað. Jafnframt þarf að koma fram ef óvissa ríkir um vinnslustað og hverju sú óvissa er háð.

Umframefni. Í matsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvernig fyrirhugað sé að fara með það umframefni sem ekki nýtist vegna starfseminnar.

Vegagerð. Í matsskýrslu þarf að koma fram áætluð efnisþörf til vegabóta og hvaðan væri unnt að taka það efni. Bent er á að efnistaka til vegagerðar ein og sér kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Samanburður á kostum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu verði fjallað með skýrum hætti um samanburð vikurnáms á Háöldu og vestan Hjörleifshöfða s.s. sjónræn áhrif, sandfok og náttúruvá.

Dýralíf. Skipulagsstofnun telur ekki þörf á að í matsskýrslu verði greint frá dýralífi á svæðinu eða fjallað um áhrif fyrirhugaðrar starfsemi á dýralíf.

Hólfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit :

Hönnun hf., Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Byggðastofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands,
iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Landgræðsla ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.